

Sp.

269. Fyrirspurn

[248. mál]

til forsætisráðherra um yfirlýsingar sem gefnar voru í tengslum við kjarasamninga.

Frá Pálma Jónssyni og Davíð Aðalsteinssyni.

1. Var landbúnaðarráðherra kunnugt fyrir fram um þau fyrirheit sem forsætisráðherra gaf aðilum vinnumarkaðarins í bréfi 6. des. s.l. um að ekki yrði tekin upp framleiðslustýring í alifuglaframleiðslu og að jöfnunargjald af innfluttum kartöflum yrði fellt niður?
2. Var haft samráð um þetta efni við samtök framleiðenda í þessum greinum eða við Stéttarsamband bænda sem fer með fyrirvar framleiðenda í þessum eignum samkvæmt lögum nr. 46/1985?
3. Hvernig hyggst ríkisstjórnin standa við það loforð sem landbúnaðarráðherra mun hafa gefið alifuglaframleiðendum að morgni s.l. föstudags um að farið yrði að óskum þeirra um útgáfu reglugerðar sem opnaði leiðir til framleiðslustjórnar í þeim greinum?
4. Hvernig hyggst ríkisstjórnin tryggja hagsmuni kartöfluframleiðenda gegn innflutningi þegar jöfnunargjald af innfluttum kartöflum hefur verið fellt niður?
5. Hvernig hyggst ríkisstjórnin bæta sauðfjárbændum þau 12,74% sem vantar á afurðaverð frá liðnu hausti ef verðið má ekki hækka umfram almenna verðlagsþróun?